



Upplýsingar
frá skrifstofu forseta Íslands

FRIDARÞING, 75 ÁRA AFMÆLI UNESCO OG VETNISRÁÐSTEFNA FRANSK-ÍSLENSKA VIÐSKIPTARÁÐSINS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heldur til Parísar á morgun, fimmtudaginn 11. nóvember. Þann sama dag mun forseti taka þátt í alþjóðlegri friðarráðstefnu, Paris Peace Forum, í boði Emmanuels Macrons, forseta Frakklands.

Þá mun forseti eiga tvíhliða fundi með Macron og Maia Sandu, forseta Moldóvu. Síðdegis býður sendiráð Íslands í París til móttöku þar sem forseti flytur erindi um sýnileika smáþjóða í alþjóðastarfi – nauðsyn þess og áskoranir. Loks mun forseti sitja kvöldverð í Elysée-höll ásamt öðrum þjóðhöfðingjum í boði Frakklandsforseta.

Að morgni föstudagsins 12. nóvember sækir forseti ráðstefnuna Green Hydrogen Symposium sem fram fer í Lúxemborgarhöll. Þar verður fjallað um þróun á sviði vetnismála í Frakklandi og á Íslandi. Öldungadeild franska þingsins stendur fyrir vetnisráðstefnunni, í samvinnu við Fransk-íslenska viðskiptaráðið og sendiráð Íslands í París, og mun forseti flytja erindi um orkuskipti og áskoranir í þeim efnum. Ráðstefnuna sækja einnig fulltrúar franska orkufyrirtækja og forstjórar Landsvirkjunar, Grænvangs og HS Orku á Íslandi.

Síðdegis á föstudag heldur forseti á aðalráðstefnu UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem fram fer annað hvert ár og er að þessu sinni haldin samhliða 75 ára afmælishátíð stofnunarinnar. Forseti flytur stutt ávarp á aðalráðstefnunni en Ísland er nú í framboði fyrir hönd Norðurlanda til framkvæmdastjórnar UNESCO árin 2021–2025.

Á vettvangi afmælisviðburðar UNESCO mun forseti eiga tvíhliða fundi með Alar Karis, nýkjörnum forseta Eistlands, og Salome Zourabichvili, forseta Georgíu.

10. nóvember 2021

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).